

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Skaftárhreppi.

Breyting á deiliskipulagi íbúðar- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur.

Sveitarstjórn Skaftárhrepps samþykkti á fundi sínum 26. mars 2025 breytingu á á deiliskipulagi íbúðar- og frístundabyggðar í landi Efri-Víkur. Breytingin kemur til af því að lóðamörk Kindagötu 13 eru ekki rétt afmörkuð í gildandi skipulagi og enn önnur afmörkun er skráð hjá Húsnæðis- og mannvirkjastofnun. Breytingin er gerð til þess að leiðrétta þetta. Eftir breytingu verður lóð Kindagötu 13 1,01 ha og Kindagata 11 verður 0,53 ha. Fallið var frá grenndarkynningu þar sem breytingin á deiliskipulaginu varðaði ekki hagsmuni annarra en sveitarfélagsins og/eða umsækjanda, en fyrir lá samþykki landeiganda.

Deiliskipulagið hefur hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og öðlast þegar gildi.

Skaftárhreppi, 27. mars 2025.

Óskar Örn Gunnarsson skipulagsfulltrúi.

B-deild – Útgáfudagur: 10. apríl 2025